



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

## 4.febrúar 2013

### Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður

Hildur S. Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild

Gunnar Gíslason - handknattleiksd.

Hilmar Sigurðsson – Knattspyrnudeild

Bjarni Torfi Álfþórsson - verkefnastjóri

Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Óskar Hrafn Þorvaldsson, Guðrún Kaldal og Unnur Teitsdóttir boðuð forföll.

### Dagskrá:

- Yfirlit deilda
- UMSK þing 28. febrúar
- Mönnun stjórnna frá og með næsta aðalfundi
- Örugg vistun - afritun og varsla gagna
- Önnur mál

#### 1. Yfirlit deilda.

Knattspyrnudeildin: Framundan er stórt viðhaldsverkefni á gervigrasvellinum, en það mun þó ekki trufla æfingar á sama tími. Meistaraflokkur karla mun spila úrslitaleik í Fótolti.net mótinu, en flokkurinn hefur enn ekki tapað leik undir stjórn nýju þjálfaranna. Í yngri flokkum er unnið að því að endurskoða samninga við þjálfara og laga til í rekstrinum.

Handboltinn: Gott gengi hjá eldri flokkum deildarinnar. Framundan er RISA-leikur næstkomandi miðvikudag í 8 – liða úrslitum í Símbíkarkeppninni. Allt á góðu skriði í yngri flokkum. Deildin hefur fengið úthlutað úrslitakeppni yngri flokka í vor.

Fimleikadeildin: Enginn fulltrúi mætti til fundarins

Kraftlyftingadeild: Deildin vann Íslandsmeistaramótið sem haldið var í janúar. Framundan er Norðurlandamót unglunga og mun Grótta eiga tvo fulltrúa á því móti. Deildin lagði fram tillögu á síðasta ársþingi Kraftlyftingasambandsins sem felur í sér að nú verða haldin sér mót fyrir þá sem vilja keppa án sérstakt útbúnaðar. Þann 4. maí næstkomandi mun deildin halda Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum.

#### 2. UMSK þing 28. febrúar: Þingið verður haldið í félagsheimili Seltjarnarnes en Grótta á 9 fulltrúa á þinginu.

#### 3. Mönnun stjórnna frá og með næsta aðalfundi: Einhverjar breytingar eru væntanlegar í öllum stjórnnum félagsins á næsta aðalfundi.





4. Örugg vistun – afritun gagna: Sagt frá til boði sem félaginu barst í afritun og vistun gagna. Samþykkt að taka því tilboði sem lá fyrir fundinum.
  
5. Önnur mál:
  - a. Sakavottorð þjálfara. Unnið er að því að tryggja að til sé staðfest, hreint sakavottorð allra starfsmanna félagsins.

